

NATHAN & OLSEN

„Hercules“ Haframjöl.

Biðjið ætíð um „Hercules“ haframjöl.

Fáið það ekki þar sem þjer verslið venju-
lega, fæst það ábyggilega í næstu búð.



Ekkert
strit

FLIK-FLAK

Jafnvel viðkvæmustu litir
þola Flik-Flak þvottinn. —
Sjerhver mislitur kjóll eða
dúkur úr finustu efnum
kemur óskemdur úr þvott-
inum.

Flik-Flak er alveg óskaðlegt

BARDAGASTEFNNA Bolsjevikkanna í „Dagsbrún“.

Fyrir stuttu birti útbreiðslu-
nefnd Dagsbrúnarfjelagsins grein
eina í Alp. blaðinu. Sumt í þeirri
grein er á þá lund, að rjett er
að vekja sjerstaka athygli á því,
og það því fremur, sem fjelag
þetta á nú í kaupgjaldsprætu um
þessar mundir.

Í greininni segir meðal annars,
að þó fjölgað hafi í „Dagsbrún“
á síðasta fundi,

„þá verði að hefja enn harðari
baráttu gegn öllum, sem standa
utan við samtökin“.

Og enn segir á öðrum stað:
„Fram með hnefana, verka-
menn!“

Þessi eru helstu meðölin, sem
útbreiðslunefnd „Dagsbrúnar“
ætlar að nota til þess að fá menn
í fjelagið.

Hvað segja nú verkamenn, sem
ekki hafa enn verið sogaðir inn
í þessa hringiðu hótana og of-
beldis? Hvernig list þeim á hug
forkólfanna í þeirra garð?

Þeim er sagt það þarna óvenju-
lega skírt og ótvírætt, að fleygi
þeir ekki frá sjer allri sannfæ-
ringu og sanngirni, og láti þeir ekki
reka sig eins og rollur í rjett for-
ingjanna, „þá verði hafin hörð
baráttu gegn þeim“. Nú er svo
komið, að þeir verkamenn, sem
hafa aðrar skoðanir en Bolsar í
„Dagsbrún“, eða vilja ekki ein-
hverra hluta vegna gerast tagl-
hnytingar þeirra, eru ekki óhult-
ir lengur. Þeir eiga að verða fyr-
ir ofsókn í einhverri mynd. Þeir
mega ekki hafa aðrar skoðanir en
Ólafur Friðriksson, Björn Bl. Jóns-
son og Hendrik. Segi þeir ekki
skilið við sannfæringu sína, rjett-
sýni sitt, óhlutdræga afstöðu til
vinnuveitenda, á að „hefja harða
baráttu gegn þeim“. Svo mikið
er ofstækið orðið.

En setjum nú svo, að þeir, sem
enn standa utan við fjelagssam-
tökin, gengju í þau. Hvað þá?
Þeir eru jafn illa komnir fyrir
því. Í fjelögunum mega þeir enga
sannfæringu hafa, enga skoðun,
ekkert vit. Briddi á einhverju
sjálfstæði hjá þeim, einhverri
sanngirni, einhverri rökrjettvi
hugsun um atvinnumálin, eru þeir
tafarlaust reknir úr fjelaginu. —
Þau hafa dæmin gerst mörg. Og
harðstjórnin fer heldur vaxandi
en minkandi.

Stefna útbreiðslunefndar „Dags-
brúnar“ er því sú, að ofsækja
verkamenn, meðan þeir ganga
ekki í fjelögin, og taka svo af
þeim alt frelsi, þegar þeir eru í
fjelögin komnir.

Það er eigi beinlínis tekið fram í
greininni í Alp. bl. hvernig út-
breiðslunefnd „Dagsbrúnar“ hugs-
ar sjer „baráttuna“ eða ofsókn-
ina. en dálítil bending er þó gef-
in um það með þessum orðum:
„Fram með hnefana, verkamenn!“.

Það er því ekkert ólíklega til geti-
ð, að nefndin hugsi sjer að koma
þeirri siðmenningu á hjer, að
verkamenn fari að berjja hverir
á öðrum. En hitt er eftir að vita,
hvort þeim, sem eiga að berjast,
finst uppástungan aðlaðandi og
eftirbreytnisverð.

Franz Siemsen f. sýslumaður.

(Örstutt æskuminning).

Þegar komið er að háttatíma,
rifjast upp viðburðir hins líðandi
dags og endurminningin um hann.
Þegar lífsdagurinn er orðinn lang-
ur og komið er kvöld, og til eyrna
berst fregn um, að hinna kvöldið
sje komið yfir þenna eða hinn
jafnaldrann, kunningjann, fjel-
lagsbróðurinn, leikbróðurinn, er
oss hinum kent, að bráðum beri
oss hið sama að höndum. „Í dag
mjer, á morgun þjer“.

Svona er það fyrir mjer, er
mjer nú fyrir nokkrum dögum
barst andlátsfregn æskuvinar
míns, Franz Siemens, er einnig
var skólalæsi minn. Við vorum
báðir fæddir og uppaldir samtí-
is í Reykjavík. Hann var nokkuð
yngri. Við vorum mjög samrýnd-
ir sem börn og leikbræður og alda
vinir í skóla. Jeg, sem eldri maður
honum, yfirgaf áttahagana og
æskustöðvarnar nokkuð fyr en
hann. Jeg fór upp í sveit; hann
sigldi á háskólann í Kmh. Þá varð
breið vík milli vina, sem ekki
var brúnd með öðru en strjál-
um brjefaviðskiftum, og fá-
einum samfundum með margra
ára millibili, í síðasta sinni sum-
arið 1923. En nú er einnig sú
brúin upptekin, og þessu veika
sambandi slitnið um stund. En þó
finst mjer sem þessi horfni vinur
minni hafi aldrei, síðan í æsku,
verið mjer nær, en einmitt nú.

Nú er sem öll okkar fortíð, sem
fjarvistin breiddi hulu yfir, hafi
skýrst að mun. Nú hefir endur-
minningin um hann færst inn í
bjart ljós, svo drættirnir í mynd
hans eru mjer nú auðskenari en
meðan árafjarlægð, fjöll og háls-
ar skygðu á og földu okkur sýn.
Nú minnst jeg svo glögt fallega,
litla, hýra, háttprúða drengsins,
sem kallaði á okkur hina inn í
skrúðgarðinn sunnan við húsið
austur við lækjarósinn, til leikja
við sig og yngstu systur sínar
(Emillu og Rósu); fór svo með
okkur inn í húð þabba síns og
bað annan hvorn bræðra sinna
(Hendrik og Þorstein), eða Lud-
vig gamla Knudsen bókhaldara
eða Bjarna Sigurðsson (bróður
Rafns heit. skósmíðs) um eitthvað
oss til sælgætis; eða þá inn í hús
til mömmu, sem var afar barn-
góð, og hreinræktuð íslensk sæm-
arkona og sönn móðir.

Svo komu unglingsárin og skól-
inn. Þar var hann sama prúð-
mennið, þar var Franz sami
trygðavinur vina sinna. En hann
var talsvert vandfýsinn í vina-
vali og feldi sig misvel við suma;
ljét því suma afskiftalaus, þó
alla ssei hann í friði, en hjelt sig
því fastar að þeim, sem löðuðust
að honum og hann að þeim. Í
þessum efnum hafði hann sínar
sjerskoðanir. Ef eitthvað slettist
upp á samkomulagið eins og oft
vill verða meðal lítt þroskaðra

æskumenna, var sökin sjaldnast
hans, ef ekki greri aftur um heilt,
því sáttfúsari og friðsamari un-
gling hefi jeg ekki þekt en hann.
Hann var gleðimaður en þó gáska-
laus. Stakur reglu- og siðprýðis-
maður var hann alla okkar sam-
verutið. Hann var strangmoralskt
upplagður. En það, sem mest bar
á í fari hans, var bjargföst trygð
og brjóstgæði. Hann mátti ekk-
ert aumt sjá að eigi vildi hann
það bæta, og tókst það oft, því
foreldrar hans bæði höfðu til
hins sama vilja og mátt. Og helst
vildi hann ekkert ljótt sjá, en
þegar hann sá það, reyndi hann
að fegra það. Sálin hans, og hann
sjálfur innst sem yst, frá hvirfli
til ilja, var mildur og hreinn,
Jeg hugsaði þegar hann var orð-
inn dómari, að hann tæki nærri
sjer að fella stranga áfellsdóma;
en rjettssýnn vildi hann þó ætíð
vera. Þetta eru höfuðdrættirnir í
endurminningamálverki, sem jeg
dreg upp að kveldi míns eigin
æfidags. Þannig ætla jeg að horfa
á þig trúfasti vinur minn meðan
augu mín eru opin, þar til fund-
um okkar ber aftur saman.
Auðkúlu, 31. jan. '26.
St. M. Jónsson.

Að norðan.

Að norðan.

Akureyri, 5. mars.

Síðustu daga austan stormur
með talsverðum kulda. Slæmar
gættir á sjó, en fiskafli sémileg-
ur, er gefur. Snjólaust að kalla.
Leikfjelagið æfir leik Gustafs
Wied „Förste Violin“.

Samtímaskák hjer á sunnudag-
inn. Stefán Ólafsson teflir við 25
menn, samtímiskák, sína skákina
við hvern.

Fiskveiðanýjungar.

Maður frá Húsavík, Jón Mýr-
dal að nafni, gerði í fyrravetur
tilraun að veiða þorsk nálægt
Grímsey. Hafði hann 4 net í sjó
og veiddi við umvitjun 12—1400
pund af fullorðnum þorski. Þykir
sennilegt, að víðar sje hægt að
stunda slíkar veiðar hjer nyrðra.
Nú ætlar hann í fjelagi við
fleiri Húsvíkinga að reka netja-
veiðar við Grímsey með 40—60
netum.

Práðlaust samtal milli Englands og Ameríku.

Byrjað er nú að reyna samtöl
yfir þvert Atlantshaf milli Eng-
lands og Ameríku. Talað er milli
loftskeytastöðvanna í Rugby og
Long Island. Áhöldin, sem notuð
eru, eru af alveg nýrri gerð, og
hefir heyrst eins vel yfir hafið,
eins og talað væri í síma í lítilli
fjarlægð. Eins og kunnugt er,
heyrast loftskeytj best á nætur-
þeli. En samtöl þessi yfir þvert
Atlantshaf hafa heyrst jafnvel á
degi sem nóttu.

Sá hængur er á, enn sem komið
er, að eigi hefir ennþá tekist
að útiloka það, að óviðkomandi
menn heyrja samtöl þessi með loft-
skeytatekjum sínum. En fróðir
menn á þessu sviði álíta, að hægt
muni vera innan skamms að koma
í veg fyrir þetta, og er þá hægt
að tala um einkamál sín yfir At-
lantshafið, eins og væru menn á
ráðstefnu innan fjöggra veggja.



Sögleraugu

mikið úrval frá 1 kr.
Ávalt bestar vörur og
lægst verð í
Laugavegs Apóteki.

Gjöríð matarkaupin

Herðubreið,
Símí 678.



Símá:

24 verslunin.
23 Poulsen.
27 Fossberg.

Klapparstig 29

Lausasmíðjur



Það sem eftir er af

Uetrarkápum

verður selt fyrir

hálfvirði.

Egill Jacobsen.

Hvít

Rúmteppi
á 8,25.

Reynið þau.

ÚRUHÚSIÐ



Radíó-lamparnir

Munið A. S. I.